

AUGLÝSING

um (6.) breytingu á gjaldskrá nr. 535/2015
fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar.

1. gr.

2. mgr. 7. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjaldið skal vera:

- a. kr. 2.550.000 fyrir markaðsleyfi fyrir plöntuverndarvöru þar sem Ísland er fyrsta land á Evrópska efnahagssvæðinu, þar sem sótt er um markaðsleyfi. Aukagjald fyrir plöntuverndarvöru sem inniheldur fleiri en eitt virkt efni er kr. 541.000 fyrir hvert virkt efni;
- b. kr. 79.200 fyrir gagnkvæma viðurkenningu á markaðsleyfi fyrir plöntuverndarvöru sem veitt hefur verið í öðru landi en Íslandi á EES og ætluð er til notkunar í atvinnuskyni;
- c. kr. 330.000 fyrir gagnkvæma viðurkenningu á markaðsleyfi fyrir plöntuverndarvöru sem veitt hefur verið í öðru landi en Íslandi á EES og ætluð er til almennrar notkunar;
- d. kr. 79.200 fyrir umsókn um rýmkun leyfa vegna minni háttar notkunar, sbr. 51. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, sem innleidd er á Íslandi með reglugerð nr. 544/2015 um plöntuverndarvörur;
- e. kr. 79.200 fyrir leyfi fyrir hliðstæðum viðskiptum með plöntuverndarvöru sem ætluð er til setningar á markað, sbr. 52. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009;
- f. kr. 39.600 fyrir leyfi fyrir hliðstæðum viðskiptum með plöntuverndarvöru sem ætluð er til eigin nota, sbr. 52. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009;
- g. kr. 79.200 fyrir undanþágu frá markaðsleyfi fyrir plöntuverndarvöru til þess að leysa bráðan vanda í tengslum við plöntuvernd, sbr. 53. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009;
- h. kr. 79.200 fyrir undanþágu frá markaðsleyfi fyrir plöntuverndarvöru, þar sem nota á plöntuverndarvöru til rannsóknna og/eða þróunarvinnu, sbr. 54. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009;
- i. kr. 26.400 fyrir hverja breytingu á markaðsleyfi fyrir plöntuverndarvöru, sbr. reglugerð (EB) nr. 1107/2009, sem innleidd er á Íslandi með reglugerð nr. 544/2015 um plöntuverndarvörur;
- j. kr. 26.400 fyrir hverja breytingu á gagnkvæmri viðurkenningu á markaðsleyfi fyrir plöntuverndarvöru, sbr. reglugerð nr. 1002/2014 og reglugerð (EB) nr. 1107/2009.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 8. gr. gjaldskrárinnar:

- a. Í stað fjárhæðarinnar „638.000“ í c-lið kemur: 330.000.
- b. Í stað fjárhæðarinnar „638.000“ í d- og f-lið kemur: 475.200.
- c. Í stað fjárhæðarinnar „283.000“ í e-lið kemur: 290.400.
- d. Í stað fjárhæðarinnar „71.000“ í g-, h-, i- og j-lið kemur: 79.200.
- e. Í stað fjárhæðanna „13.400“ tvisvar sinnum og „22.100“ í k-lið kemur: 39.600; 52.800.
- f. Við bætist nýr liður, l-liður, svohljóðandi:
- g. 90% af gjaldi skv. a-, b-, c- og d-lið fyrir endurnýjun á markaðsleyfi fyrir sæfivöru eftir því sem við á.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 54. gr. efnalaga nr. 61/2013 og öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 1. október 2018.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Stefán Guðmundsson.